

Að setja mörk

Stöðva þarf óæskilega hegðun eða draga úr henni með því að setja skýr mörk með mildum og sanngjörnum afleiðingum sem eru í samræmi við hegðun og aldur barnsins.

- ☺ Börn hafa tilhneigingu til að ganga eins langt og mögulegt er til þes að finna út hvar mörkin liggja.
- ☺ Reglur eru skilgreindar til þess að auðvelda barni að greina á milli æskilegrar og óæskilegrar hegðunar.
- ☺ Börn þurfa að læra að viðurkenna mörk fullorðinna til að geta tamið sér sjálfstjórn.
- ☺ Þegar börn fá ákveðinn ramma utan um hegðun sína verða þau öruggari í umhverfi sínu.

Óæskileg hegðun er hegðun sem við viðurkennum ekki í leikskólanum og okkur finnst þörf á að bregðast við með einhverjum hætti. Við skiptum óæskilegri hegðun í tvo flokka eftir alvarleika hennar minniháttar hegðunarfrávik og meiri háttar hegðunarfrávik.

Við minniháttar hegðunarfrávik er áminning þ.e. farið yfir regluna og gefið val. Þegar barnið sýnir rétta hegðun er mikilvægt að hrósa því. Ef hegðun endurtekur sig er einvera. Við meiriháttar hegðunarfrávik er tafarlaus einvera.

Mikilvægt er að allir kennarar skólans noti sömu viðmið þannig að börnin fái sem líkust viðbrögð við sömu hegðun.

Minniháttar hegðunarfrávik:

Ýta
Rífa af
Frussa
Stríða
Trufla
Ögra
Rusla til
Hróp
Toga í hár
Fela sig
Klóra
Fara ekki eftir fyrimælum

Meiriháttar hegðunarfrávik:

Lemja
Bíta
Hrinda
Kasta grjót
Sparka
Slá og kýla
Skemma hluti vísvitandi
Stinga af/yfirgefa skólalóðina
Eyðileggja eigur annarra vísvitandi
Ljótt orðbragð (tala niðrandi um aðra)
Kasta hlutum í aðra
Endurtekið brot á reglum

Til umhugsunar

- ☺ Við verðum ávallt að taka með í reikninginn aldur barnanna og þroska þegar við setjum þeim mörk.
- ☺ Með því að vera dugleg að hrósa og hvetja börnin þegar þau sína æskilega hegðun þá drögum við úr óæskilegri hegðun.

Að taka úr aðstæðum - senda í einveru

Þegar barn er tekið úr aðstæðum þá notum við orðið einvera.

Einvera er stutt og væg afleiðing sem notuð er í beinu framhaldi af óæskilegri hegðun barns. Þegar barn fer ekki eftir reglum sem gilda á tilteknum svæðum. Sýnir ýtrekað minniháttar hegðunarfrávik eða meiriháttar hegðunarfrávik þarf að taka það úr aðstæðum og setja það í einveru.

Áður en barn fer í einveru gefur kennari barninu tækifæri til að bæta hegðun sína með því að gefa skýr fyrirmæli t.d. taktu saman bílana. Ef barn sýnir strax viðurkennda hegðun fær það hrós. Ef barnið fer ekki að fyrirmælum bíður kennarinn í 10 sek. endurtekur fyrirmælin og gefur barninu val um að fylgja fyrirmælum eða það fer í einveru t.d. taktu saman bílana eða þú ferð í einveru. Ef barnið fer enn ekki að fyrirmælum eru orð sett á hegðunina og barnið fer í einveru t.d. þetta er ekki að taka saman bílana nú ferð þú í einveru.

Við meiriháttar hegðunarfrávik fer barnið beint í einveru.

Fyrirkomulag einveru

Einvera er aðferð til að bregðast við óæskilegri hegðun til þess að lægja skap og jafnframt leggja áherslu á hver mörkin eru. Einvera skal koma strax í kjölfar óæskilegrar hegðunar þannig að barnið skilji að afleiðing tengist óæskilegri hegðun þess. Einverutíminn ræðst af aldri barnsins þ.e. ein mínúta fyrir hvert aldursár t.d. þriggja ára barn er þrjár mínútur í einveru. Við setjum ekki yngri börn í einveru. Ef barn neitar að fara í einveru eða sýnir óæskilega hegðun í einveru bætist við ein mínúta.

Á hverju svæði er stóll sem notaður er fyrir einveru, stóllinn er hafður á óspennandi og hættulausum stað sem er í augnsýn kennara. Í útiveru notum við bekkinn sem einverustað eða tókum barnið í hendi meðan á einveru stendur, fer eftir aðstæðum.

Áður en farið er að nota einveru þarf að kenna börnunum hvernig skal hegða sér í einveru með hlutverkaleik. Einveruferlið er kennt eins og þegar regla er kennd. Tveir kennarar sýna hvernig á að haga sér í einveru, annar er kennari hinn er barn.

Kennari gefur fyrirmæli, barnið hlýðir ekki. Kennari býður í 10 sek. gefur aftur sömu fyrirmæli og val. Barnið hlýðir ekki og fer í einveru. Þegar komið er í einveru

sýnir kennari hvernig eigi að haga sér í einveru þ.e. situr með hendur og fætur hjá sér og hefur hljóð. Kennari segir svona á að vera í einveru. Því næst sýnir kennari óæskilega hegðun í einveru þ.e. situr ekki kyrr og er með hávaða. Kennari spyr börnin er þetta að vera í einveru. Börnin svara. Kennari endar á að sýna rétta hegðun í einveru.

Þegar barn hefur lokið einveru er því boðið að koma aftur í þær aðstæður sem það var í og málinu er lokið ef það fer eftir fyrirmælum. Ef taka þarf barnið aftur úr sömu aðstæðum þá fær það ekki að fara aftur inn í aðstæðurnar.

Forréttindamissir

Úrræði til að nota þegar barn fer ekki eftir fyrirmælum í einveru eða fylgir ekki fyrirmælum eftir einveruna. Einnig er hægt að nota forréttindamissir einan og sér við meiriháttar hegðunarfrávikum. Forréttindamissir er harðari viðurlög sem eru í því fólgin að barnið missir af einhverju einu sem því þykir eftirsóknarvert. Forréttindamissir verður að eiga sér stað sem fyrst eftir atvik. Hafa ber í huga að það er mismunandi eftir börnum hvað er eftirsóknarvert og hvað ekki. Forréttindamissir er t.d. barnið missir eftirsóknarvert leikfang, fær ekki að snúa aftur í leikinn eða fara á tiltekið svæði aftur.